

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Bæjarholt, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 13. apríl 2022 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið dags. 7. júní 2013 þar sem skipt verði á byggingarreitum, þ.e. reitur sem var á gildandi skipulagi ætlaður fyrir hesthús verði fyrir íbúðarhús og öfugt. Engar aðrar breytingar eru gerðar.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 13. apríl 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2022